

Þriðjudaginn 15. september 1992.

Nr. 323/1992. **Róbert Árni Hreiðarsson**

gegn

Gjaldheimtunni á Seltjarnarnesi.

Kærumál. Lögtak. Ómerking. Heimvísun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1992. Telst það heimilt með lögjöfnun frá 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði fúgetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1992 verði hrundið, málsmeðferðin ómerkt og málinu vísað til héraðsdóms Reykjavíkur til löglegrar meðferðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir fúgetarétti og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti. Beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppsögu dóms til greiðsludags.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 27. mars 1985 var að kröfu varnaraðila gert lögtak í bifreið sóknaraðila, R-61157, af gerðinni Chevy Van, árgerð 1974, fyrir ógreiddum þinggjöldum og útsvari hans árin 1983 og 1984, samtals 283.049 krónum. Var gerðarþoli, sóknaraðili í máli þessu, viðstaddur gerðina. Með uppboðsbeiðni varnaraðila 28. júlí 1987 til sýslumannsins í Árnæssýslu var þess krafist, að bifreiðin yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld sóknaraðila, sem þá var sögð nema 219.092 krónum, þegar frá hafði verið dregin greiðsla hans, 100.000 krónur. Mótmæli komu fram af hálfu uppboðspóla, og var um þau rekið uppboðsréttarmál. Uppboðsréttur Árnæssýslu ákvað með úrskurði, upp kveðnum 4. nóvember 1988, að uppboðið skyldi ná fram að ganga. Lögmaður varnaraðila sendi sóknaraðila 22. október 1991 áskorun um að greiða framangreinda skuld sína ásamt opinberum gjöldum ársins 1985. Var skuldin sögð nema 878.471 krónu, er tekið hafði verið tillit til greiðslu sóknaraðila, að fjárhæð 181.566 krónur. Var greiðsluáskorunin birt sóknaraðila

með stefnuvottum. Lögmaður varnaraðila sendi borgarfégetanum í Reykjavík 11. desember 1991 beiðni um lögtak hjá sóknaraðila, og fylgdu með úrskurður uppboðsréttar Árnassýslu og greiðslu-áskorunin. Var krafan nú sögð nema 924.308 krónum, er tekið hafði verið tillit til framangreindra greiðslna sóknaraðila. Tók lögmaðurinn fram, að endurupptaka væri nauðsynleg, vegna þess að bifreiðin R-61157 væri ónýtt.

Málið var fyrst tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 29. janúar 1992, og eftir að veittir höfðu verið nokkrir frestir, boðaði Halldór Halldórsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, til þinghalds 22. júní 1992 með lögmanni varnaraðila (gerðarbeiðanda) og sóknaraðila (gerðarþola). Er bókun fulltrúans um það, sem fram fór í þinghaldi þessu, og hinn kærði úrskurður svohljóðandi:

„Aðspurður kveðst gerðarbeiðandi gera þá kröfu, annað tveggja að gert verði nýtt lögtak í eignum gerðarþola eða að hann upplýsi, hvar andlag fyrra lögtaks sé niður komið, þ. e., að hægt sé að koma því á uppboðsstað og sannreyna, hvers virði eignin sé.

Á grundvelli varnarskjala og yfirlýsingar gerðarþola er sú krafa gerð, að hin lögtekna bifreið verði færð á uppboðsstað, til að unnt sé að sannreyna verðmæti hennar. Annars, ef upplýst er, að bifreiðin sé verðlaus, fari fram lausnargerð, áður en nýtt lögtak verði lagt á.

Gerðarþoli mótmælir þessu og telur þetta slíka breytingu á kröfugerð, að ekki sé unnt að taka hana til greina, þegar flytja á málið. Þessi breyting á kröfugerð sé of seint fram komin.

Gerðarþoli mótmælir handrituðum breytingum á réttarskjali nr. 1, sem fyrst hafa verið kynntar gerðarþola nú í réttinum.

Aðilar tjá sig stuttlega um, hvort hér sé um svo breytta kröfugerð að ræða, að ekki sé unnt að taka málið til úrskurðar.

Ágreiningsatriði þetta er tekið til úrskurðar.

Var þá varðandi kröfuna kveðinn upp svofelldur úrskurður:

Krafa gerðarbeiðanda um, að vörslusvipting skuli fara fram, ef upplýst er, að eignin sé einhvers virði, er í eðlilegu framhaldi af beiðni um lögtaksendurupptöku, enda felst það í lögtakinu sjálfu frá 27. 5. 1985 og í úrskurði uppboðsréttar Árnassýslu frá 4. nóvember 1988.

Því telur rétturinn, að gerðarbeiðanda sé heimilt að krefjast nú

vörslusviptingar á hinni lögteknu eign til að koma fram uppboði, enda er það í samræmi við 2. mgr. 57. gr. 1. nr. 19/1887. Þetta telst ekki svo ósamrýmanleg breyting á kröfugerð, að hún komist ekki að í málinu nú.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gerðarbeiðanda er heimilt að krefjast vörslusviptingar á bifreiðinni R-61157, sem gert var lögtak í 27. 5. 1985.“

Kröfugerð gerðarbeiðanda, eins og hún kom fram í þinghaldi þessu, er bæði óskýr og ómarkviss og niðurstaða hins kærða úrskurðar ekki í samræmi við kröfugerðina.

Þegar vegna þessara galla á kröfugerð og málsmeðferð verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu til löglegrar meðferðar í héraði.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Rekstur máls þessa í héraði af hendi lögmanns varnaraðila og sóknaraðila var um margt afbrigðilegur. Málið var látið velkjast á áttunda ár fyrir fólgeta- og uppboðsrétti í þremur lögsagnarumdæmum, uns það var lagt í úrskurð með ótækri kröfugerð. Ber að átelja þetta.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað til löglegrar meðferðar í héraði.